

Kílómetragjald – Dagpeningar

Breytingar á skattmati í staðgreiðslu frá 1. júní 1999

Kílómetragjald

Almennt kílómetragjald

| | | |
|--------|-----------|------------------|
| Fyrstu | 10.000 km | kr. 39,25 pr. km |
| Næstu | 10.000 km | kr. 35,35 pr. km |
| Umfram | 20.000 km | kr. 31,40 pr. km |

Sérstakt gjald

Greitt vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag.

Ef greitt er sérstakt gjald er frádráttarheimild 15% hærri en vegna almenns kílómetragjalds.

Torfærugjald

Greitt vegna aksturs utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbilum.

Ef greitt er torfærugjald er frádráttarheimild 45% hærri en vegna almenns kílómetragjalds.

Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota

Hlunnindi vegna takmarkaðra afnota af bifreið í eigu launagreiðanda verða metin kr. 39,25 pr. km.

Dagpeningar

Dagpeningar innanlands

Mat á kostnaði á móti dagpeningum til greiðslu á gistingu og fæði innanlands verður:

- Gisting og fæði í einn sólarhring kr. 9.800
- Gisting í eina nótt kr. 5.800
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag kr. 4.000
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag kr. 2.000

Skilyrði til að halda megi dagpeningagreiðslum utan staðgreiðslu eru að fyrir liggja gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.

Dagpeningar erlendis

Almennir dagpeningar:

| | | Gisting | Annað |
|-------------------------------|-----|---------|-------|
| Bretland | SDR | 128 | 90 |
| New York | SDR | 126 | 74 |
| Asía, Afríka og Suður-Ameríka | SDR | 130 | 105 |
| Annars staðar | SDR | 95 | 90 |

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

| | | | |
|-------------------------------|-----|----|----|
| Bretland | SDR | 82 | 58 |
| New York | SDR | 81 | 47 |
| Asía, Afríka og Suður-Ameríka | SDR | 83 | 67 |
| Annars staðar | SDR | 61 | 58 |

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt draga frá fjárhæð fullra almennra dagpeninga.

Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað skal draga frá fjárhæð fullra almennra dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó næstu málsgrein.

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er umfram 3 mánuði.

Hlutabréf á undirverði

Reglur um skattlagningu

Athygli viðkomandi launagreiðenda er vakin á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 10/1999. Þar er fjallað um þær reglur sem við eiga þegar starfsmönnum eða öðrum eru seld að afhent hlutabréf á verði sem er undir gangverði þeirra.

Auglýsingin er birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og á upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is.